

149. löggjafarþing 2018–2019.
Þingskjal 313 — 282. mál.

Hugarafli fagnar því að lagt hafi verið fram frumvarp til laga um breytingu á lögræðislögum, nr. 71/1997, með síðari breytingum (fyrirframgefin ákvarðanatöku). Að okkar mati er þetta frábært skref, sérstaklega fyrir okkar hóp. Þörfin á þessari breytingu er mikil en vanda þarf til verksins.

Áður en kemur að umsögn okkar finnst okkur mikilvægt að fram komi að okkar mat er að oft sé full frjálslega farið með lögræðissviptingu, að hún sé of löng og mjög flókið ferli sem þarf að fara í gegnum til að fá aftur lögræði. Þetta lítur óneitanlega út sem forræðishyggja.

Fyrst og fremst finnst okkur mikilvægt að gengið verði þannig frá að ekki verði um einhverskonar skrautpappír að ræða heldur alvöru skjal sem verður að virða. Samkvæmt frumvarpinu kemur fram í fyrsta tölulið 4 gr. a að virða þurfi "...þann vilja hins lögræðissvipta sem hann hefur lýst með sannanlegum hætti..." en við höfum áhyggjur af því að ekki sé nákvæm útlistun á því hver þessi háttur muni vera. Einnig vantar að minnst sé á hvaða ferli mál þar sem vafi er á um sannanleika hinnar fyrirframgefnu ákvarðanatöku fari í og hver úrskurði um sannanleika. Ekki má gera einstaklingum svo erfitt fyrir að fyrirframgefin ákvarðanatöku verði einungis á færri fárra eða þannig bundið um hnúta að of auðvelt verði að sneiða framhjá ákvörðunum og óskum einstaklings sem sviptur hefur verið lögræði.

Í beinu framhaldi viljum við minnst á fjórða tölulið 4. gr. a þar sem fram kemur að "Skylda til að virða fyrirframgefnar ákvarðanir lögræðissvipts manns tekur ekki til ákvarðana sem ómögulegt telst að framfylgja eða ganga gegn lögum eða góðu siðferði...". Á hvers valdi verður dómur um hvort ómögulegt sé að framfylgja ákvörðunum?

Hugarafli hefur meðal annars kynnt sér aðferðir Open Dialogue í Finnlandi (prófessor Jaakko Seikkula - <https://www.taosinstitute.net/jaakko-seikkula>) þar sem sýnt hefur verið fram á að hægt sé að ná til einstaklings í geðrofi án þvingaðrar lyfjagjafar og að slík meðferð hefur síður skaðleg áhrif en eykur jafnframt líkur á bata til lengri tíma lítið. 5 árum eftir að einstaklingur í geðrofsástandi hefur fengið meðferð samkvæmt Open Dialogue voru 85% í fullri vinnu og meira en 80% höfðu ekki farið aftur í geðrofsástand. Þessum árangri var náð með minniháttar lyfjainngripi, og í 2/3 tilfella án lyfja. Í Noregi eru starfræktar geðdeildir þar sem í boði er meðferð án lyfja. Slík meðferð er ekki í boði hér á landi. Yrði fyrirframgefin ákvarðanatöku einstaklings um að neita allri lyfjagjöf í geðrofsástandi virt? Og ef ekki hversu alvarlega er þá hægt að taka plagg um fyrirframgefna ákvarðanatöku? Hafa ber í huga að samkvæmt 28. gr laganna er metin heimild til að beita þvingaða lyfjameðferð þegar einstaklingur hefur verið sviptur lögræði. Hvort yrði metið þyngra, fyrirframgefin ákvarðanatöku einstaklings um meðferð án lyfja (eða án tiltekinna lyfa) eða 28. grein grein laganna? Að sjálfsögðu er okkar skoðun sú að vilji einstaklingsins EIGI að veða þyngra.

Í sömu setningu er minnst á "gott siðferði" - hér setjum við aftur spurning um á hvers valdi dómur um siðferðislegt gildi ákvarðanatöku sé.

Hugarafli
Borgartúni 22
105 Reykjavík
www.hugarafli.is
hugarafli@hugarafli.is